



Íbúafundur Reykjahverfi 28.01.2020.

Íbúafundurinn var haldinn í Heiðarbæ að kvöldi 28. Janúar 2020, kl 20:00.

María Svanþrúður Jónsdóttir setti fundinn, bauð alla fundarmenn innilega velkomna. Tilkynnti hún að Sif Jónsdóttir myndi stýra fundi og hún og Hilmar Kári Þráinsson myndu rita fundargerð. Óskaði hún sérstaklega eftir því að fundurinn yrði málefnalegur.

Síðan fór hún yfir störf hverfisráðs frá því að það tók til starfa haustið 2017. Einn íbúafundur var haldinn þá en síðan hefur ekki verið haldinn formlegur íbúafundur, en þó haldinn einn opinn fundur í hverfisráði í apríl 2018 þar sem aðallega voru rædd málefni Heiðarbæjar. Frá umræddum íbúafundi hafa verið haldnir 8 fundir í hverfisráði og að auki 2 sameiginlegir fundir með öðrum hverfisráðum í Norðurþingi. 3 fundir voru haldnir árið 2018, 4 árið 2019 og einn það sem af er árinu 2020.

Í dag eru aðalmenn í hverfisráði þau María, Hilmar Kári Þráinsson og Guðrún Sædís Harðardóttir og til vara eru Rúnar Óskarsson og Sif Jónsdóttir. Einnig hafa komið að störfum þau Atli Jespersen og Aðalheiður Þorgrímsdóttir.

Frá því að íbúafundur var haldinn hefur hverfisráð fjallað um eftirfarandi málefni: Heiðarbæ og framtíð staðarins, ljósleiðaravæðingu, umferðaröryggi, viðhald heimreiða, snjómokstur, viðhald hitaveitunnar, brunavarnir, losun rotþróa, sorphirðu, útvistarmál og ýmislegt fleira.

Margt gott hefur áunnist, íbúar eru komnir með ljósleiðara, sem vissulega bætir verulega búsetuskilyrði hér, umferðarhraði var lækkaður niður í 70 km milli Stóru-Reykja og suður fyrir Heiðarbæ sem var afskaplega þarf af öryggisástæðum. Sorphirðan er komin í ákveðinn farveg, þó við getum ekki alltaf treyst á „sorphiðudagatalið“. Endurnýjun stofnæðar hitaveitunnar er loksins hafin og verður að vonum kláruð næsta sumar.

En eftir er að ræða nánar framtíð Heiðarbæjar og minnt á ályktun opna fundarins frá því í apríl 2018: **Grundvallaratriði er að íbúar Reykjahverfis hafi aðgang að sal og félagsaðstöðu í Heiðarbæ. Eignaraðild verði annað hvort á hendi núverandi eigenda eða einstaklings eða lögaðila sem hafi lögheimili í Reykjahverfi. Fundurinn fer fram á að sveitarfélagið Norðurþing hafi samráð við íbúa um framgang þessa máls og tryggi hagsmuni þeirra er varðar félagsaðstöðu hér í Reykjahverfi.**

María nefndi að eftir er að leysa verulega viðhaldsþörf heimreiða í Reykjahverfi og nefndi í framhaldi af því það ástand sem skapaðist í desember sl í framhaldi af útboði á snjómokstri í Reykjahverfi. Kom fram að hverfisráð hefði lagt fram tillögur að snjómokstursreglum sem væru sambærilegar þeim sem eru í gildi í nágrannasveitarfélögum.

Einnig nefndi hún öryggisleysi varðandi brunavarnir, rafmagnsleysi á svæðinu í desember, fjarskipti. Jafnframt minnti hún á þann fjölda fyrirtækja sem eru starfandi í Reykjahverfi og þann fjölda fólks sem sækir vinnu að og frá Húsavík og Þingeyjarsveit dag hvern og ítrekaði mikilvægi þess að menn litu svo á að hér væri eitt samfélag og eitt sveitarfélag.

Þá kom hún inn á vangaveltur nefndarmanna um tilgang hverfisráðs þar sem sárafá erindi berast, hvorki frá stjórnsýslu né íbúum. Einnig kom fram að óskað hefur verið eftir því að fá einstök mál til umfjöllunar, en engin svör hafi borist. Í þessu samhengi nefndi hún það væri misgott lag á svörum frá stjórnsýslunni vegna beinna erinda íbúa og mikilvægi þess að samskipti væru virk og í eðlilegum farvegi. Þykir sérstaklega leiðinlegt að kjörnir fulltrúar og starfsmenn sveitarfélagsins skuli ekki vera duglegri við að leita upplýsinga hjá íbúum í dreifbýli áður en mikilvægar ákvarðanir um málefni þess eru teknar.

Að loknum þessum inngangi bað hún Sif að taka við fundarstjórn.

MS
RJ
Hkb
SJ



Fundarstjóri vísaði til áður auglýstrar dagskrár og að fundurinn myndi fjalla um hvert efni fyrir sig eins og það kæmi fyrir.

1. Fundarstjóri bað fundarmenn um að kynna sig.

Frá stjórnsýslunni komu 12 manns; þau Kristján Þór Magnússon, Silja Jóhannesdóttir, Hafrún Olgeirs dóttir, Heiðar Hrafn Halldórsson, Ásta Hermannsdóttir, Hjálmar Bogi Hafliðason, Bergur Elías Ágústson, Heiðbjört Ólafsdóttir, Drífa Valdimarsdóttir, Kristján Friðrik Sigurðsson, Berglind Hauksdóttir og Gunnar Hrafn Gunnarsson.

30 manns komu úr Reykjahverfi; frá hverfisráði María Svanþrúður Hrísateigi, Sif á Laxamýri, Rúnar Hrísateigi og Hilmar Kári Reykjavöllum. (Guðrún Sædís Skarðaborg forfallaðist.) Þeir íbúar sem komu voru; Sigríður á Laxamýri, Sigurður og Helga Skarðaborg, Þorgrímur, Sigríður og Aðalheiður í Skóginum 2, Helgi Þór í Skógahlíð, Jón, Unnur og Jóhann Víðiholti, Tryggvi, Árdís, Berglind og Daníel frá Þverá, Sigbör á Einarss töðum, Ómar, Esther og Agnes á Litlu-Reykjum, Berglind á Reykjarhóli, Páll og Heiðbjört Hveravöllum, Pétur Bjarni Hveravöllum, Örn og Sólveig Hvanngili, Guðmundur og Fanney Holti og Kristinn Hrísateigi,

2. Heiðarbær

Fundarstjóri hélt stuttan inngang um málið og gaf svo orðið frjálst.

Kristján Þór lýsti yfir ánægju með að núverandi rekstraraðili sé tilbúinn til að reka staðinn áfram í sumar, en búast má við að sumarið 2021 verði reksturinn með öðru sniði. Á næstu mánuðum þarf að taka ákvarðanir um eignarhald og fleira, vilji sveitarstjórnar ætti að liggja fyrir í vor.

Staðarhaldari lýsti því að ekki væri búið að ganga frá samningum fyrir komandi sumar og vakti athygli á þeim verðmætum sem hér hafa skapast og hlúa þarf að til framtíðar.

Fram kom hjá kjörnum fulltrúum að hér yrði engu breytt nema í samráði við eigendur, bæði að landi og fasteignum. Alltaf væri hugmyndin að húsið yrði til notkunar fyrir íbúa.

3. Snjómokstur.

Sif og María opnuðu umræðuna. Lýstu ánægju með þá þjónustu sem er. María ræddi aðdragandann, að hverfisráð hefði fjallað um snjómokstur á öllum fundum árið 2019 og á þeim síðasta bæði mótmælt fyrirliggjandi úboðsgögnum og lagt fram hugmyndir sem gætu talist ásættanlegar, óskaði svo eftir umfjöllun frá sveitarfélagini og starfsmönnum þess sem eru jafnframt starfsmenn okkar.

Fram kom hjá kjörnum fulltrúum að þeir hefðu ekki gert sér ráð fyrir alvöru málsins fyrr en María og Hilmar Kári komu til fundar hjá Skipulags- og framkvæmdaráði í desember. Fram kom að það yrði haft samráð við hverfisráð um framhaldið. Einnig kom fram að þetta mál hefði verið ákveðin vakning, og að snjómoksturreglur í nágrannasveitarfélögum teldust „rýmilegar“.

Mikil umræða varð um málið. Fram kom að engir samningar væru í gildi í sveitarfélagini og því væri ákveðið að fara í útboð á öllu svæðinu og byrjað á Reykjahverfi. Fram kom að starfsmenn sveitarfélagsins eiga að meta snjómokstursþörf á hverjum tíma, nokkuð sem fundarmenn lýstu vanþóknun á og lítilli tiltrú á að umræddir starfsmenn væru tilbúnir til slíkrar vinnu utan vinnutíma.

Sveitarstjóri lýsti því að samið yrði við núverandi verktaka til vors og fram kom að hann hefur þær væntingar að starfsmenn, hverfisráð og skipulags- og framkvæmdaráð nái að ganga frá málum. Nýtt útboð mun síðan fara fram og þá í sátt við íbúa. Jafnframt þarf að gera samninga við vegagerðina um helmingamokstur á 3-4 heimreiðum sem falla undir slíkar reglur.

MSA

DR

Hkb

SJ.



Umræður um málið héldu áfram og fundarmenn veltu fyrir sér hvort yrðu sömu reglur um snjómokstur á t.d. Húsavík og í Reykjahverfi, þ.e. mokað þrisvar í viku. Fundarmenn vildu vita hvar á landinu hefðu fundist viðlíka reglur um snjómokstur sem Skipulags-og framkvæmdaráð hefði stuðst við þegar útboðið var auglýst fyrir áramót. Einnig komu fram vangaveltur um hver bæri kostnað af vinnutapi þegar vaktafólk kæmist ekki til vinnu á heilbrigðisstofnunnninni. Jafnframt lýstu íbúar því að þeir hefðu orðið fyrir alvarlegu áfalli þegar þessi útboðsgögn voru lögð fram.

4. Skólamál

Hilmar Kári opnaði umræðuna og lýsti því að hann saknaði þess fræðslufulltrúi sveitarfélagsins væri ekki hér, en hann hefur látið hjá liggja að svara erindum vegna skólamála dreifbýlisbarna.

Á öllum þeim árum sem skólabörn úr dreifbýlinu hafa sótt grunnskóla á Húsavík hefur ekki tekist að skipuleggja skólastarfið þannig að fari saman tónlistarnám, frístundastarf og almennur skóladagur. Þetta getur síðan þróast þannig að skólabíllinn sé farinn þegar sum börnin eru búin með vinnudaginn sinn í skólanum og þá þurfi að fara aukaferðir eftir þeim.

Sveitarstjóri lítur á þetta sem praktískt mál sem skjólastjórnendur eigi að geta leyst í samráði við hlutaðeigandi. Nefndarmenn fjölskylduráðs tóku undir þetta, eru mjög hlynnt því að halda rammanum utanum skóladaginn milli kl 8 og 4 og það hljóti að vera hægt að finna lausnir. Fram kom að mjög hefur dregið úr sameiginlegu tómstundastarfi barna sveitarfélagsins enda dregið úr fjárframlögum í þennan málaflokk.

Íbúar bentu á að á næstu árum mun fjölda börnum í skólanum og brýnt að leysa þessi mál núna. Fram kom að bókasafninu í skólanum er lokað áður en skóladegi er lokið, en það gæti verið athvarf fyrir börnin meðan þau bíða eftir skólabílum. Einnig vakin athygli á því hvort ekki megi samræma skólahald í grunnskóla og framhaldsskóla og nýta betur skólaaksturinn.

5. Umhverfis- og öryggismál.

Fundarstjóri opnaði umræðuna og nefndi m.a. brunamál og útvartsmál. María nefndi einnig umferðaröryggismál, lélegan vegarkafla milli Smiðjuteigs og Laxamýrar, afdrif beiðni um að þannig yrði gengið frá hitaveitulögninni að þar yrði göngustígur. Einnig nefndi hún einkaframtak Rúnars í Hrísatigi með lagningu göngustíga á svæðinu við Hrístateig, sem eru öllum opnir og eru til fyrirmynadar.

Sveitarstjóri nefndi að á byggðaráðsfundi í vikunni liggur fyrir samantekt viðbragðssaðila vegna þeirra öryggismála sem fóru miður í desember. Þegar eru komnar ábendingar um útvarp og farsíma, en þessi samantekt er gerð í samráði við heilbrigðisstofnunina.

Ýmsir nefndu að auki slysa hættu við vegamótin við Laxamýri. Kjörnir fulltrúar óskuðu eftir ábendingum frá hverfisráði um dæmi um svona vega- og umferðaröryggismál. Hvatt til þess að hverfisráð komi þeim líka beint til Vegagarðarinnar.

Rúnar og Þorgrímur ræddu brunavarnir og fram kom hjá þeim að allt efni hefði verið til áður en til sameiningar Reykjahrepps og Húsavíkur kom hafi verið fjarlægt eftir sameiningu. Þá var búið að leggja vatnslögn að hluta að brunahananum í Hrístateigi en málið aldrei klárað þrátt fyrir ítrekaðar beiðnir. Spurt var nánar um hve stór framkvæmd væri eftir og kom fram að slökkviliðsstjóri Norðurþings væri búinn að ræða við framkvæmdastjóra OH og þar er málið statt.

MSX

Hkt S.J. ZB



6. Önnur mál.

Þorgrímur tók til máls og lýsti því að þegar hann var oddviti þá var ekki annað í boði en að svara símhringingum og erindum og vera viðbúinn því sem að höndum bæri.

Fyrirspurn kom fram um hvort sveitarfélagini þætti óþægilegt verkefnalega og dýrt að hafa dreifbýlið með Húsavík í Norðurþingi.

Fram kom hjá sumum kjörnum fulltrúum að þeim leiddist samanburður milli hverfa í sveitarfélagini, þetta væri þriðji íbúafundurinn nú í veturn og fólk sé að bera sig saman um framboð á þjónustu. Talsverðar umræður urðu í tengslum við þessa fyrirspurn og þykja umræður í fjölmáli heldur einhliða. Verkefnin hafa verið ærin, samfélagið breyst, skólabörnum almennt fækkað og fjárhagurinn erfiður. Ýmsir rifjuðu upp samfélagsbreytingar síðustu 20 ára. Það er áskorun að halda úti blönduðu sveitarfélagi en sumir kjörnir fulltrúar töldu það gera það sterkara. Mikilvægi íbúasamráðs sé augljóst.

Spurt um hugmyndavinnu um umhverfisstefnu sveitarfélagsins, málið er í vinnslu.

Þar með var mælendaskrá tæmd. María Svanþrúður þakkaði Sif fyrir góða fundarstjórn, þakkaði fundarmönnum fyrir málefnaðar umræður. Óskaði eftir enn frekara samtali áfram. Nefndi að hér hefði ekki verið klárað að ræða málefni Heiðarbæjar og það yrði tekið upp á opnum fundi hjá hverfisráði fyrir vorið. Sleit svo fundi kl 21:45.

Sif Jónsdóttir
Hilmor Karl Þórðsson
Björnur Ólafsson
María Svanþrúður Þorvaldsdóttir